

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 15.03.2006

**Umsögn: Tillaga til þingsályktunar um stuðning við einstæða foreldra í námi**


Rauða krossi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um stuðning við einstæða foreldra í námi.

Stefna Rauða krossins er að koma að verkefnum þar sem þörfin er brýn og draga sig síðan út þegar viðfangsefnin eru á veg komin. Að tilstuðlan Rauða kross Íslands var á árinu 1995 settur á stofn Námssjóður Félags einstæðra foreldra. Auk stofnframlags lagði Rauði krossinn fjármuni í sjóðinn allt til ársins 2003. Tilgangur sjóðsins var að veita einstæðum foreldrum tækifæri til að mennta sig eða bæta við menntun sína í því skyni að auka möguleika þeirra á vinnumarkaðnum. Greitt var úr sjóðnum tvisvar á ári; á vorönn og haustönn. Fjöldi einstæðra foreldra hefur fengið styrk úr sjóðnum og er það mat okkar að hann hafi sannarlega mætt brýnni þörf.

Eitt af grundvallarmarkmiðum Rauða kross Íslands er að styðja við þá sem höllustum fæti standa í þjóðfélaginu. Rannsóknir og kannanir, jafnt Rauða krossins sem annarra, sýna að stór hluti ungra einstæðra foreldra fellur í þann hóp sem við hvað kröppust kjör búa hér á landi. Á það ekki síst við um ungar mæður. Augljóst má því vera að sá hópur á erfitt um vik að fylgja eftir jafnöldrum sínum í námi. Námssjóður sem sérstaklega styður við bakið á einstæðum foreldrum í námi getur skipt sköpum fyrir þann þjóðfélagshóp. Einkum það unga fólk sem litla eða enga möguleika hefur á námslánum.

Með því að koma á Námssjóði Félags einstæðra foreldra var Rauði krossinn að bregðast við mikilli þörf og er það mat okkar að sú þörf sé ekki minni í samfélaginu í dag.

Rauði krossinn mælir með því að þingsályktunartillaga um stuðning við einstæða foreldra í námi verði samþykkt.

  
Helga G. Halldórsdóttir  
sviðsstjóri innanlandssviðs  
Rauða kross Íslands